

# Fjallabyggð



SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Skv. nr.	10.7.2
Innök,	
1. 8. JÚLÍ 2008	
Aðan	HG
SLR	08040148

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráð  
Hinrik Greipsson/Pórður Eyþórsson  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Fjallabyggð, 15. júlí 2008  
nr. erindis 0804031 JHF


Efni: Sérákvæði vegna úthlutunar byggðakvóta skv. reglugerð nr. 605/2008

Með tilvísun til bréfs ykkar til undirritaðs frá 27. júní s.l. (Tilv. SLR08040148/10.7.2) sendi ég hér með tillögur að sérákvæðum vegna úthlutunar byggðakvóta til einstakra fiskiskipa í Fjallabyggð, skv. 2. grein reglugerðar nr. 605/2008 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2007/2008. Á fundi atvinnu- og ferðamálanefndar Fjallabyggðar, mánudaginn 14. júlí s.l., var ákvæðið að leggja til að áfram yrði unnið á gründvelli sveitarfélags í stað byggðarlags við mat á uppfyllingu skilyrða fyrir úthlutun.

Bókun nefndarinnar var svohljóðandi: "Markmið 10. greinar laga nr. 116/2006 er að efla fiskvinnslu og –veiðar í byggðarlögum. Nefndin telur því nauðsynlegt að reglur um úthlutun taki mið af þeim aðstæðum sem eru í sveitarfélagini, þar sem fáar vinnslur eru í hvoru byggðarlagi, Ólafsfirði og Siglufirði. Nefndin ályktar að tímans vegna sé ekki tóm til að leggja til grundvallarbreytingar á úthlutunarreglum fyrir Fjallabyggð, en leggur þó til að við úthlutun aflamarks til einstakra fiskiskipa í Fjallabyggð fyrir fiskveiðíárið 2007/2008 verði miðað við afla sem landað er til vinnslu sveitarfélagini, líkt og gert var á fiskveiðíárinu 2006/2007, í stað afla sem landað er í byggðarlagini, líkt og kveðið er á um í 1. mgr. 6. greinar reglugerðar nr. 605/2008.

Nefndin fordæmir ítrekaðan drátt á afgreiðslu kærumála og seinagang ráðuneytisins við setningu úthlutunarreglna vegna byggðakvóta, sem setur sveitarfélagið í þessa stöðu og fer þess á leit við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti að ráðuneytið sendi fulltrúa sinn til viðræðna um byggðakvótamál við fulltrúa sveitarfélagsins og hagsmunaaðila.

Bæjarráð Fjallabyggðar hefur á fundi sínum í dag, 15. júlí, staðfest tillögur atvinnu- og ferðamálanefndar um sérákvæði með svohljóðandi bókun: "Bæjarráð samþykkir tillögu atvinnu- og ferðamálanefndar um sérákvæði varðandi úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í Fjallabyggð fyrir fiskveiðíárið 2007/2008, að við úthlutun aflamarks til einstakra fiskiskipa í Fjallabyggð fyrir fiskveiðíárið 2007/2008 yrði miðað við afla sem landað er til vinnslu í sveitarfélagini, líkt og gert var á fiskveiðíárinu 2006/2007, í stað afla sem landað er í byggðarlagini, líkt og kveðið er á um í 1. mgr. 6. greinar reglugerðar nr. 605/2008"



Fjallabyggð

Meginröksemdin fyrir ofangreindu sérákvæði er að í byggðarlögnum eru fáir vinnsluaðilar og því lítil samkeppni um kaup á hráefni til fiskvinnslu. Ákvæðinu er ætlað að opna á slíka samkeppni og skapa grundvöll fyrir eðlilegri verðmyndun í verslun með afla sem veiddur er á grundvelli byggðakvóta.

Virðingarfyllst,



Fjallabyggð  
Bærarstjóri

Borir Kr. Þórisson  
Bærarstjóri